

Spurningar úr Bridge lögunum

Verkefni 1

Þetta verkefni er ætlað öllum bridgespilurum sem hafa áhuga á. Síðar verður haldið keppnisstjóranámskeið. Afar gagnlegt er að hafa lokið þessu verkefni áður en það hefst.

Svör við þessum spurningum skulu send í tölvupósti til Vigfúsar Pássonar. Tölvupóstfangi vip@centrum.is Rétt svör verða síðan send til baka.

Svarið öllum spurningum. Öll hjálpargögn eru heimil, nema ekki spyrjast fyrir hjá öðrum.

Tilgreina skal lagagreinar þær sem stuðst er við. Stig eru gefin fyrir rétt svör – ekki langar rigterðir.

Það eru engin tímamörk, en verkefnið ætti að taka nálægt 1 klst.

Spurningarnar eru settar upp sem Rétt / Rangt (1 stig fyrir rétt svar, 1 stig fyrir rétta lagatílvísun)

1) Blindur á ♠QJ2 ♥KQ3 ♦Q43 ♣Q2 eftir, og vann síðasta slag með ♠K. Lauf er tromp. Sagnhafi biður núna um drottninguna, og blindur spyr... Hvaða drottningu ?

Sagnhafi getur valið um drottningu.

RÉTT

RANGT

2) Sagnir ganga...

V N A S
2NT pass 2♣

2♣ (spurnarsögn) er ekki samþykkt og Austur segir pass. Suður verður sagnhafi í 3♦.

Suður getur bannað Vestri að spila út laufi.

RÉTT

RANGT

3) Austur opnar á 2♦ (Veikir 2) utan rétrar raðar (og ekki samþykkt). Norður opnar því næst á 1♣ og Austur segir 1♦.

Vestur þarf aðeins að passa eina umferð.

RÉTT

RANGT

4) Austur opnar á 2♦ (Veikir 2 í Hjarta) utan réttar raðar, og sögnin er ekki samþykkt. Vestur er gjafari.

Vestur þarf aðeins að passa eina umferð.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

5) Austur opnar á 2♦ (multi) utan réttar raðar (og ekki samþykkt). Norður opnar á 1♣ og Austur segir 2♥.

Vestur þarf aðeins að passa eina umferð.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

6) V N A S
pass pass
Suður passar utan réttar raðar. Sögnin er ekki samþykkt.

Suður þarf aðeins að passa eina umferð.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

7) V N A S
1♣ pass
Suður passar utan réttar raðar. Sögnin er ekki samþykkt.

Suður þarf aðeins að passa eina umferð.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

8) Í baráttusögnum, hikað Norður langa stund áður en hann passar. Kallað er á keppnisstjóra. Keppnisstjóri ætti að segja Suðri að hunsa umhugsunina og segja þá sögn sem hann annars hefði sagt án umhugsunarinnar.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

9) Ef varnarspilari nefnir spil á hendi sinni, án þess að spila því, verður það spil refsispil.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

10) Spilari skal stokka spil sín áður en hann setur spilin í bakkann eftir að spilamennsku lýkur

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

11) Norður er mest ábyrgur fyrir réttum framgangi spilamennsku við borðið.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

12) Svo fremi að spil séu ekki gefin tvisvar í röð í sama bunka, þá telst það lögleg gjöf.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

13) Þegar HHA sagnhafa hefur spilað út í fyrsta slag, þá er of seint að óska eftir upprifjun á sögnum af hálfu allra spillara.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

14) Sagnir ganga... N=2♣ S=2♥ N=4NT S=4♥. Suður hélt að hann væri að svara Gerber ásaspurningu, þar sem hann væri að sýna 1 ás.

Suður getur breytt sögn sinni í 5♦ því sú sögn sýnir 1 ás við Blackwood ásaspurningu.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

15) Norður opnar á 1♣. Eftir u.þ.b. 5 sekúndur segir hann 'óóó' og setur 1NT á borðið. Austur segir þá 1♠ og segir um leið að hann samþykkir 1♣ sögnina.

1NT sögnin telst hin ætlaða sögn Norðurs.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

16) Norður opnar á 1NT utan réttar raðar. Sögnin er ekki samþykkt og Norður passar það sem eftir er sagna. Austur verður sagnhafi í 4♠. Austur getur farið fram á að Suður spili út í ákveðnum lit í fyrsta slag.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

17) Á meðan spilamennsku stendur getur blindur getur spurt varnarspilara um hugsanleg litarsvik áður en þau eru staðfest.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

18) Sagnhafi spilar frá hendi sinni, en átti að spila frá blindum. Varnarspilararnir koma sér ekki saman um hvort þeir samþykkja útspilið eða ekki. Þegar slíkur ágreiningur er uppi, ræðst útspilið út frá því hvor varnarspilarinn tjáði sig fyrst.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

19) Sagnir byrja á því að Norður opnar á 1NT. Áður en Austur gefur sögn, þá passar Suður utan réttar raðar. Vestur passar næst og loks Norður.

Austur hefur verið sviptur möguleikum sínum til að blanda sér í sagnir og skal spila út.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

20) Skipt hefur verið í næstu umferð, og rangt A/V par sest niður við borð. Austur opnar síðan á 1NT (12-14). Réttu A/V parið kemur þá að borðinu. Keppnisstjóri lætur rétta parið setjast niður og sagnir hefjast að nýju. Austur opnar á 7NT.

Keppnisstjóri úthlutar 60% til beggja paranna. Málinu er lokið.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina: